

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 2006 í máli nr. S-416/2006:

Ákærvaldið

(Sturla Þórðarson yfirlögfræðingur)

gegn

Ólafi Tý Hreggviðssyni

(Þorsteinn Einarsson hrl.)

Ár 2006, þriðjudaginn 27. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í dómhúsinu við Lækjartorg af Ásgeiri Magnússyni héraðsdómara, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 416/2006:

Ákærvaldið

(Sturla Þórðarson fulltrúi)

gegn

Ólafi Tý

(Þorsteinn

Hreggviðssyni
Einarsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní 2006, er höfðað samkvæmt ákæru útgefni af lögreglustjóranum í Reykjavík 9. maí 2005 á hendur Ólafi Tý Hreggviðssyni, Malarási 11, Reykjavík, fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni SK-552, aðfaranótt sunnudagsins 8. ágúst 2004, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,67%), um Lækjargötu, Vonarstræti og Templarasund að Kirkjutorgi í Reykjavík.

Þetta er talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 23/1998 og 8. gr. laga nr. 84/2004.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði alfarið sýknaður af kröfum ákærvaldsins en til vara krefst hann að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Loks krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, barst tilkynning um fjarskiptastöð lögreglu sunnudaginn 8. ágúst 2004, kl. 5.30, um að hugsanlega væri ölvaður ökumaður á svartri Volvobifreið á ferð um Bergstaðastræti. Lögreglumennirnir Baldur Ólafsson, Rut Jónsdóttir og Vilborg Magnúsdóttir brugðust við tilkynningunni. Mættu þau Volvobifreið, með skráningarnúmerið SK-552, er þau óku suður Lækjargötu. Er ökumanni bifreiðarinnar lýst í skýrslunni sem ljósskolhærðum í dökkum jakka með gráum ermum. Þá er akstursleið ökumannsins lýst í skýrslunni en akstri lauk við Kirkjutorg 4, þar sem bifreiðinni var lagt. Var hún mannlaus er lögreglan kom þar að en lögreglumennirnir tóku eftir manni, sem stóð við vinstra afturhorn bifreiðarinnar, er svipaði til þess manns sem þeir sáu sitja við stýrið rétt áður. Þessi maður reyndist vera ákærði og er honum lýst sem ljósskolhærðum, í dökkbláu vesti og í grárrí íþróttapeysu innanundir. Hann hafi sýnilega verið ölvaður. Farþeginn, Magnús Magnússon, hafi hins vegar verið kominn spölkorn frá bifreiðinni. Honum er lýst sem dökkhærðum og klæddum brúnum rúskinnsjakka. Haft er eftir honum í skýrslunni að ákærði hafi ekið bifreiðinni.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Kemur fram að hann hafi neitað að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn. Hafi tveir aðilar verið í bifreiðinni og hafi hann sjálfur setið í aftursætinu. Þá hafi hann aðspurður ekki sagst hafa á sér kveikjuláslykla að bifreiðinni en við leit á honum reyndist svo vera.

Fram kemur í varðstjóráskýrslu, sem rituð var kl. 5.45 þessa sömu nótt, að ekki hafi verið hægt að skrá framburð ákærða þar sem hann hafi verið mjög ósamvinnuþýður. Á tali hans hafi mátt skilja að hann hafi ekki ekið bifreiðinni umrætt sinn. Tekið var blóð- og þvagsýni úr honum kl. 7.25 en að því búnu var hann vistaður í fangageymslu. Ákærði var svo yfirheyrður að nýju kl. 13.20 en neitaði þá að tjá sig um sakarefnið.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, dagsettri 16. ágúst 2004, mældist alkóhól í blóði ákærða vera 1,86%, en í þvagi 2,20%, að teknu tilliti til vikmarka.

Fram kemur í frumskýrslu lögreglu að haft hafi verið samband við Magnús símleiðis kl. 12.20 hinn 8. ágúst 2004 í því skyni að fá hann til skýrslutöku. Hann hafi hins vegar sagt að hann væri verulega ölvaður og hafi mátt greina það á mæli hans. Sjálfstæð skýrsla var þó fyrst tekin af honum vegna málsins 8. desember 2004 og kvaðst hann þá ekki hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Hann kvaðst aðspurður ekki hafa verið undir áhrifum áfengis.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvað Magnús hafa verið ökumann umrætt sinn. Þeir hafi ekið um bæinn í bifreið sem var í eigu móður ákærða. Sjálfur kvaðst hann hafa verið undir áhrifum áfengis og því hafi Magnús ekið, enda hefði hann ekki drukkið. Skömmu eftir að hann lagði bifreiðinni í stæði hafi lögreglan komið. Aðspurður kvað hann rangt sem eftir honum væri haft í lögregluskýrslu að einn maður til viðbótar hefði verið í bifreiðinni. Þá kvað hann kveikjuláslykilinn hafa verið í bifreiðinni og hafi hann sjálfur tekið hann þaðan, enda væri bifreiðin í eigu móður hans.

Vitnið, Magnús Magnússon, kvaðst hafa verið ökumaður bifreiðarinnar í umrætt sinn og ákærði hafi verið farþegi hans. Hann hafi stöðvað bifreiðina „rétt hjá Alþingishúsinu“ og þá hafi lögreglan komið. Borið var undir vitnið það sem haft var eftir honum í frumskýrslu um að ákærði hefði ekið bifreiðinni. Kvað hann það vera rangt sem þar kæmi fram. Það sama ætti við um það sem fram kemur í skýrslu lögreglu frá 8. ágúst 2004. Taldi vitnið skýrsluna „búna til af lögreglunni“ og kvaðst ekki vita „hvað hann hafi verið að hugsa“ þegar hann undirritaði skýrsluna. Hann kvaðst ekki geta gefið aðra skýringu á sínum breytta framburði. Spurður um kveikjuláslykilinn kvað vitnið ákærða hafa tekið hann, enda bifreiðin í eigu móður hans. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa verið drukkinn umrætt sinn.

Vitnið, Rut Jónsdóttir lögreglumaður, greindi svo frá atvikum að hún hafi verið við eftirlit ásamt lögreglumönnum Baldri og Vilborgu. Hún hafi verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar umrætt sinn. Tilkynning hafi borist um ökumann á svörtum Volvo, sem hugsanlega væri undir áhrifum áfengis. Þau hafi séð bifreið ekið í gagnstæða átt suður Lækjargötu, hinu megin við umferðareyjuna, sem kom heim og saman við þá lýsingu og veittu henni eftirför. Ökumaðurinn hafi beygt af Lækjargötunni, inn Vonarstrætið og um Templarasund. Þau hafi þá misst sjónar af bifreiðinni en séð hana aftur kyrrstæða við Kirkjustræti. Ökumaður og farþegi hafi þá verið komnir út úr bifreiðinni. Baldur og Vilborg hafi verið handviss um það

hver þeirra hefði ekið bifreiðinni og höfðu afskipti af honum.

Vitnið, Vilborg Magnúsdóttir lögreglumaður, kvaðst hafa setið aftan í lögreglubifreiðinni umrætt sinn. Hún lýsti eftirför þeirra eftir að þau sáu svartan Volvo og hvernig þau misstu sjónar af honum þegar þau þurftu að snúa við er bifreiðinni var ekið inn í Vonarstræti. Þau hafi komið að honum við Kirkjutorg og hafi þá séð ákærða og Magnús. Aðspurð kvaðst Vilborg hafa séð ökumanninn. Á þeirri stundu hafi hún ekki greint hann sem ákærða en þegar hún hafi séð hann þarna hafi hún þekkt hann sem ökumanninn. Hafi „holning“ hans og klæðaburður bent til þess að svo hafi verið. Einnig væri ákærði ljós yfirlitum en Magnús dökkhærður. Kvaðst hún hafi tekið eftir því að ökumaðurinn hafi verið „ljós“. Hafi þeir verið það „aðgreindir“ að ekki hafi farið milli mála hvor hafi verið hvor. Hafi hún séð vel hvernig mennirnir voru klæddir. Aðspurð kvaðst hún þekkja ákærða vegna fyrri afskipta lögreglu af honum. Vísaði vitnið að öðru leyti til lögregluskýrslu þeirrar sem tekin var af henni vegna málsins.

Vitnið, Baldur Ólafsson lögreglumaður, greindi á sama hátt frá aðdraganda að eftirför þeirra er þau sáu hina svörtu Volvobifreið. Þegar þau mættu bifreiðinni hafi hann séð ökumanninn sem hafi verið klæddur dökkum jakka en með gráar ermar. Þeir hafi ekið beint á móti bifreiðinni. Hann hafi ekki tekið eftir farþeganum á þeirri stundu. Þau hafi misst sjónar af bifreiðinni þegar hún beygði í áttina að Alþingishúsinu en þegar þau hafi komið fyrir hornið hafi verið búið að leggja bifreiðinni. Þau hafi séð mann um 2 metra frá bifreiðinni en annan sem hafi verið kominn lengra frá henni. Ákærði hafi verið ökumannsmegin, á móts við afturhorn bifreiðarinnar. Aðspurður kvað Baldur aðeins hafa liðið nokkrar sekúndur þar til þau hafi komið fyrir hornið á eftir Volvobifreiðinni, en þau hafi tekið beygju og „keyrt eins og þau gátu“ á eftir henni.

Niðurstaða.

Þegar tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu daginn eftir að hann var handtekinn fyrir meintan ölvunarakstur aðfaranótt sunnudagsins 8. ágúst 2004 neitaði hann að svara spurningum er vörðuðu sakargiftir. Ákærði hefur fyrir dómi eindregið neitað að hafa ekið bifreiðinni SK-552 umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann Magnús Magnússon hafa ekið bifreiðinni. Hér fyrir dómi bar Magnús á sama veg en í frumskýrslu lögreglu er eftir honum haft að ákærði hafi ekið. Lögregluskýrsla af honum var þó ekki tekin fyrr en fjórum mánuðum síðar, eða 8. desember 2004. Kvaðst hann þá ekki hafa ekið bifreiðinni þessa nótt. Hins vegar er í skýrslunni ekki haft ákveðið eftir honum hver hafi þá verið ökumaðurinn.

Lögreglumennirnir, Rut, Vilborg og Baldur, komu fyrir dóminn og báru um aðdraganda að handtöku ákærða og hvernig þau misstu sjónar af bifreiðinni er henni var ekið inn á Kirkjutorg. Þegar þau komu fyrir hornið á eftir bifreiðinni hafi

verið búið að leggja henni í stæði og tveir menn verið staðsettir í námunda við hana. Báru Vilborg og Baldur á sama veg um klæðnað ökumanns bifreiðarinnar sem þau kváðust hafa greint þegar þau mættu bifreiðinni. Þá bar Vilborg um að hún hafi tekið eftir því að ökumaður hafi verið „ljós“. Drógu þau bæði þá ályktun, er þau sáu ákærða, að hann væri ökumaðurinn auk þess sem staðsetning hans við bifreiðina renndi að þeirra mati undir það stöðum. Fyrir liggur að klæðnaður ákærða samsvaraði lýsingum þeirra.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök. Fyrir liggur að tveir menn voru í bifreiðinni í greint sinn, ákærði og vitnið Magnús. Þeir voru báðir komnir út úr henni þegar lögreglan kom að. Eins og að framan hefur verið rakið töldu lögreglumenn sig hafa greint á lengdar, út frá klæðnaði ökumanns og að hann væri ljós yfirlitum, að ákærði væri sá sem ekið hefði bifreiðinni þegar þau komu á vettvang. Þau hefðu þó ekki séð andlit ökumannsins. Einnig fannst kveikjulaslykill bifreiðarinnar í vasa ákærða við leit á lögreglustöðinni eftir handtöku, þó í því sambandi verði að hafa í huga þá skýringu hans að hann hafi tekið lykilinn úr kveikjulasnum þar sem bifreiðin væri í eigu móður hans.

Þegar allt framangreint er virt, og með hliðsjón af því hversu seint skýrsla af vitninu Magnúsi var tekin hjá lögreglu og hversu ógreinilegur framburður hans þá var, er það niðurstaða dómsins, með vísan til 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ekki sé komin fram nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, um að ákærði sé sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Verður ákærði því sýknaður af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður máls þessa, 188.346 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Þorsteins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 136.950 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins var málið flutt af Sturlu Þórðarsyni, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík.

D ó m s o r ð

Ákærði, Ólafur Týr Hreggviðsson, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður máls þessa, 188.346 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Þorsteins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 136.950 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ásgeir Magnússon